| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennarar** | Ari Baldursson<br>Orri Torfason<br>Guðmundur Ingi Geirsson | **Sk.st.** | ABA<br>ORT<br>GUM |

## Áfangalýsing:

Í þessum áfanga vinna nemendur lokaverkefni þar sem þeir nýta þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í hinum ýmsu þáttum námsins. Nemendur velja verkefni í samvinnu við kennara í upphafi annar og gera þvínæst verk- og kostnaðaráætlanir og önnur gögn er verkið varða. Æskilegt er að verkefni tengist atvinnulífinu og sé unnið í samstarfi við fyrirtæki en það getur einnig verið hreint skólaverkefni sem tengist vinnu nemenda í öðrum áföngum. Í upphafi áfanga er mikilvægt að nemendur fái sameiginlega kynningu á aðferðafræði verkefnavinnunnar og þeim kröfum sem skólinn gerir varðandi gæði verkefna, faglega breidd og dýpt, umfang, efnistök, framsetningu, frágang. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni ýmist einir sér eða tveir saman að lokaverkefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð nemenda en nauðsynlegt er að þeir hafi aðgang að kennurum og e.t.v. einnig aðilum í atvinnulífinu sem gætu veitt leiðsögn í verkefnavinnunni. Í lok áfangans leggja nemendur fram verkefni sín og kynna þau innan skólans.

## Markmið:

Nemandi

- þekki til vinnubragða við undirbúning og framkvæmd sjálfstæðrar verkefnavinnu
- geti skilgreint viðfangsefni, sett sér markmið og gert verk- og kostnaðaráætlanir
- geti gert vinnulýsingu og vinnuteikningar
- geti útfært og unnið eftir verkáætlun, vinnulýsingu, teikningum o.s.frv.
- geti valið efni, búnað og aðferðir við hæfi
- geti framkvæmt viðeigandi prófanir og mælingar vegna verkefnisins
- kunni skil á öryggis og reglugerðarákvæðum sem verkið varða
- geti aflað sér viðeigandi upplýsinga og nýtt sér leiðsögn og ráðgjöf annarra
- geti skrifað greinargóða skýrslu um verkefni
- geti gert öðrum grein fyrir verkefni sínu, kynnt það og útskýrt einstaka þætti þess

## Námsgögn og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi | |
|---|---|---|---|
| Skriflegt | Vinnudagbók | 20% | |
| | Lokaverkefni (skýrsla, ritgerð) | 30% | |
| Verklegt | Loka-afurð (tæki eða búnaður) | 40% | |
| | Lokakynning verkefnis | 10% | |

Ef vinnudagbók er ekki skilað á réttum tíma dragast 5% frá fyrir hvert skipti.

Til að áfangi sé metinn til lokaeinkunnar þarf að skila vinnubók, skýrslu og tæki (lokaafurð)

| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |
|---|---|
| Útgáfa: 09 | |
| Dags.: 06.06.2015 | |
| Höfundur: HRS | Valið lokaverkefni - VLV 103 |
| Samþykkt:HJS | Námsáætlun haust 2015 |
| Síða 2 af 2 | |

| Vika | Lokaverkefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 34.vika | - | |
| 35.vika | Kynning á áfanganum og vinnutilhögun | |
| 36.vika | Nemendur tilkynna verkefni og fá leiðbeinendur | Hugmyndavinnu skal vera lokið. |
| 37.vika | Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna. | Skil vinnudagbók |
| 38.vika | Verkefnavinna | |
| 39.vika | Verkefnavinna | |
| 40.vika | Verkefnavinna | Skil vinnudagbók |
| 41.vika | Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna. | Hér þarf að vera kominn ákveðin mynd á verkefni. |
| 42.vika | Verkefnavinna | Uppkast af skýrslu |
| 43.vika | Verkefnavinna | |
| 44.vika | Verkefnavinna | Skil vinnudagbók |
| 45.vika | Verkefnavinna | |
| 46.vika | Nemendur gera grein fyrir stöðu verkefna. | Hér á smíði að vera lokið og nemendur fá gagnrýni frá kennurum. |
| 47.vika | Verkefnavinna | Lokaskil skýrsla og vinnudagbók. |
| 48-49 vika | Kynning lokaverkefna og skil. | Sýning lokaverkefnis |

**Dagsetning:** 18.08.2015

Guðm. I Geir

**Undirritun kennara**

**Undirritun kennara**

[signature]

**Undirritun kennara**

[signature] 18.08.15

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**